

Hagsæld og náttúra

Erindi á aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, 6. júní 2009

Ólafur Páll Jónsson

lektor í heimspeki á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
og stjórnarmaður í Náttúruverndarsamtökum Íslands

Meðal höfuðskepnanna er eldurinn sá allra nytsamlegasti, því án hans kunna þær ei né nokkur hlutur af þeim samansettur að viðhaldast. En þar aftur á móti verður hann sá allra skaðsamlegasti, þá illa er með hann höndlað eður þá sjálfur náttúrunnar herra lætur sér þóknast að hleypa honum lausum, til að straffa vondar athafnir manna.¹

Það sem ég mun segja hér í dag verða einhvers konar neðanmálsorð við þetta upphaf *Eldritsins* sem séra Jón Steingrímsson setti saman til að lýsa þeirri landplágu sem Skaftáreldar voru, og til að skýra hvers vegna hún gekk yfir. Og þó ætla ég ekki að tala um eldinn fyrst og fremst heldur höfuðskepnurnar allar og þá nytsemd sem af þeim má hafa, kunnir menn á annað borð með þær að höndla.


1. Hagkerfi

Það er kunnara en frá þurfi að segja að fólk sækist eftir hagsæld. Velgengni manns í lífinu er gjarnan metin út frá hagsæld hans. Og vegna þessa höfum við heilt kerfi til að skiptast á gögnum og gæðum – hagkerfið. Í grófum dráttum má lýsa þessu hagkerfi svo að fyrirtæki sjái um að framleiða vöru og veita þjónustu auk þess að borga laun, á meðan heimilin þurfa á launum að halda og sækjast eftir vörum og þjónustu. Á meðan þessi hringrás gengur vel hafa heimilin nóg af peningum vegna þess að fólkið hefur nógá vinnu. Og á meðan fólkið, sem sækist eftir að kaupa vörur og þjónustu af fyrirtækjunum, hefur nóg af peningum, þá er líka rífandi gangur hjá fyrirtækjunum.

Þetta hagkerfi nærast á hráefni og orku frá náttúrunni auk þess sem náttúran veitir þessu kerfi og einstökum hlutum þess margvíslega þjónustu. Hagkerfið losar sig einnig við úrgang út í náttúruna en hún umbreytir honum að verulegu leyti í náttúrulegar afurðir á ný. Aukin hreyfing í þessu kerfi er það sem kallast hagvöxtur. Hagvöxturinn, sem gjarnan er hafður til

¹ Jón Steingrímsson, „Eldritið“, *Ævisagan og önnur rit*, bls. 339.

marks um það hvort ríki séu á braut framfara eða ekki, byggist ýmist á aukinni sókn í náttúruleg gæði eða auknu framboði á margvíslegri þjónustu og tækni sem reiðir sig ekki endilega á hráefni úr vistkerfinu.



Mynd 1. Myndin sýnir hvernig vörur og peningar flæða í hagkerfinu á milli heimila og fyrirtækja. Hún er byggð á mynd í grein Brynhildar Davíðsdóttur, „The price is right?“, bls. 129.

Þegar brestur á með kreppu, þá hægist á þessari hringrás peninga og gæða á milli fyrirtækja og heimila. Sú kreppa sem geisar í dag er að mestu leyti afurð sjálfs hagkerfisins. Þessi hringrás í hagkerfinu, sem var keyrð áfram af fjármagnsflæði, gat einfaldlega ekki gengið lengur á sífellt meiri og meiri hraða. Það sem flækir þetta svo fyrir venjulegt fólk eins og mig er að helsta verslunarvaran virðist hafa verið peningar. Jafnvel jarðbundnir hlutir eins og hús voru í raun ekki hús frá sjónarhóli hagkerfisins heldur fjárfestingar. Það sem knúði áfram hinn brjálæðislega byggingarmarkað, sem skilur nú eftir sig flakandi sár í landslaginu og auðar byggingar í stórum stíl – heilu hverfin – var þörf fyrir *fjárfestingar* en ekki þörf fyrir *húsnæði*. Þetta var spákaupmennska, og nú blasir við að verktakarnir spáðu meira og minna því sama, bankarnir trommuðu undir og allir létu eins og þeir hefðu fengið frumlega og góða hugmynd.

2. Hagsæld

Hjól atvinnulífsins, sem eru afurð vísinda, tækni og iðnaðar, snúast og mala lífsgæði handa okkur mönnum. Hnattvæðingin hefur leitt til þess að gangverk þessara hjóla teygir sig

um fjarlægustu kima heimsins, þótt lífsgæðasallinn hrúgist helst upp á Vesturlöndum.² Í sjálfu sér er hvorki gott né vont að hjólin snúist eða snúist ekki. Hagsældarhugtak, sem skilgreint er út frá magni efnislegra gæða, er ekki gildishlaðið hugtak, þ.e.a.s. hagsæld er ekki markmið í sjálfu sér, og hún er ekki góð af eigin rammleik. Að því marki sem hagsæld er góð, þá er hún góð vegna þess sem af henni hlýst. Samt er jafnan gert ráð fyrir því að hagsæld sé góð – rétt eins og gert er ráð fyrir því að kreppa sé vond – án þess að það sé skýrt neitt frekar. Hér er því einhver hugtakaruglingur á ferðinni: farið er með gildisríðið hugtak sem gildisblaðið.

Áður en Skaftáreldar eyddu jörð og lífi var hagsældin með mesta móti eins og Jón Steingrímsson lýsir vel í „Eldritinu“:

Áður en þessi landplága og jarðeldur yfir féll voru mikil landgæði og árgæzka, þó yfir tæki það síðasta árið, því í undanfarin nokkur ár hafði ei verið þvílíkur blómgan og ávöxtur á öllu, með spökustu veðráttu til lands og sjóar.³

Þessi hagsæld leiddi þó ekki til hins góða lífs meðal sveitunga Jóns heldur þvert á móti. Ég gríp hér niður í textann, og hver getur dæmt fyrir sig, hvort einhver líking sé með þeim hagsældarhörmungum sem hann lýsir og því sem Íslendingar bjuggu við til skamms tíma:

En hvílíkt sjórnlaysi, andvara og iðrunarleysi hér í Vestri-Skaftafellssýslu var um þann tíma, sérdeilis í þessu Kirkjubæjar- eður Kleifarþinglagi, hjá allmörgum, er sorglegra til frásagnar en ég geti þar orðum eytt að. Hér lifðu menn í salgæti matar og drykkjar, sumir orðnir svo matvandir, einkanlega þjónustufólk, húsgangslýður og letingjar, að ei vildu nema þá allra beztu og krydduðustu fæðu. Drykkjuskapur og tóbakssvall fór að sama lagi, að á einu ári upp gekk hér í gildi, heimboð og þess kyns brennivín upp á 4000 fiska ...

... Af stjórnlaysi var sá góði afréttur, er hér fylgdi, fyrir ódal lagður og forsómaður, ... Það var eitt ólukkuefni í landinu, að allir þjófar voru frómir kallaðir; ...⁴

Kannski má greina í hagsældinni tvo þætti: það sem er nauðsynlegt og það sem er munaður. Reyndar eru mörkin þarna á milli stundum óljós. Sumir segja að það sé nauðsynlegt að geta leyft sér svólítinn munað, og fyrir suma er það munaður að eiga fyrir helstu nauðsynjum.

² Ósjálfbærni hagkerfisins byggist ekki einungis á sókn í náttúruleg gæði sem einkennist af skammsýni heldur einnig í þeirri félagslegu mismunun sem hún leiðir til, m.a. vegna hnattvæðingar sem flytur til verðmæti heimshorna á milli, ýmist beint á vettvangi framleiðslu fjármagns eða óbeint með því að afleiðingar vanhugsaðrar nýtingar á náttúrulegum auðlindum bitna helst á þeim sem búa í fátækustu ríkjum heims.

³ Jón Steingrímsson, *Ævisagan og önnur rit*, bls. 343.

⁴ Jón Steingrímsson, *Ævisagan og önnur rit*, bls. 343–344.

3. Kreppa

Nú hefur hægt á hringrás hagkerfisins svo um munar. Það heitir kreppa. En er ekki allt í lagi þótt aðeins hægist á hringrás hagkerfisins? Hvers vegna er fólk sem býr við ofgnótt hrætt við kreppu í þessum skilningi? Eins og þessi spurning snýr að Íslendingum þá varðar hún samdrátt í samfélagi allsnægta. Spurningin um afleiðingar kreppu horfir vitanlega öðruvísi við í löndum sem búa við skort. Þar leiðir samdráttur fljótt til hörmunga.⁵ En hvers vegna er fólk sem býr við ofgnótt hrætt við samdrátt? Kannski vegna þess að kreppan leiðir af sér minni arð hjá fyrirtækjum og þótt heimilin þoli vel að draga saman neyslu þá þola fyrirtæki illa að skila minni arði. Fyrirtæki á markaði *eiga* að skila arði og þau eiga að keppast við að skila meiri arði og helst meiri arði í dag en í gær. Í hugmyndafræði markaðshagkerfisins er þessi afstaða sjálfgefin. Hún virðist reyndar líka vera sjálfgefin hjá verkalyðshreyfingunni sem alltaf leggur upp með kröfu um meiri kaupmátt í samningum, frekar en t.d. kröfu um meiri lífsgæði.

Skoðum sem snöggvast hvernig talað er um að koma megi þjóðinni út úr þeirri kreppu sem nú hefur dunið yfir. Ýmislegt er lagt til, svo sem enn eitt álverið eða aukin sókn í þrautþínda fiskistofna. Allt miðar þetta að því að *hjól atvinnulífsins taki að snúast á ný*. Einmitt í þessum orðum kristallast hagsældarhyggja nútímans.⁶

4. Náttúra

Gangverk hagkerfisins byggist á því að náttúran leggi til hráefni, orku og ýmsa þjónustu og taki við úrgangi. Sé þessari sókn stillt í hof og sé úrgangurinn ekki meiri en náttúran getur unnið úr, þ.e. sé umgengni okkar um náttúruna sjálfbær, þá er samspil náttúru og hagkerfis í góðu lagi. Sannleikurinn er hins vegar sá að þetta samspil náttúru og hagkerfis er langt frá því að vera sjálfbært og óttinn við kreppuna hvetur fólk til enn frekari og vanhugsaðri ásóknar í auðlindir náttúrunnar og enn verri umgengni um hana.⁷ Þetta leiðir óhjákvæmi-lega til þess að ytri skilyrði hagkerfisins skerðast, sem aftur leiðir til þess að það verður

⁵ Eða enn meiri hörmunga meðal þeirra tveggja milljarða jarðarbúa sem lifa undir fátæktarmörkum.

⁶ Þessi hagsældarhyggja er hin hliðin á þeirri framfaragöðsögn sem einkennt hefur Vesturlönd um aldir, sjá Georg Henrik von Wright, *Framfaragöðsögnin*.

⁷ Þegar bankarnir hrundu í október 2008 þá heyrðust strax raddir, nokkuð háværar, um að nú ætti þjóðin að hella sér í framkvæmdir og ekki dvelja við tafsamar aðgerðir eins og umhverfismat. Þannig spurði Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hvort ekki mætti stöðva umhverfismat vegna álvers á Bakka við Húsavík og „setja eðlilegt skipulagsferli í gang“ til að flýta framkvæmdum (11. umræða 13.10.2008). Sjá einnig frétt á mbl.is http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/10/13/umhverfismat_heldur_afram/ (sótt 13.03.2009).

sífelld dýrara að viðhalda sömu afköstum og loks mun afkastageta hagkerfisins sjálfs minnka.⁸

Sé tekið tillit til mikilvægis náttúrunnar fyrir hagkerfið og umgengni manna um náttúruna, þá virðist mér að kreppa sé óhjákvæmileg. Því meira sem menn reyna að forðast kreppu og því ákveðnar sem menn reyna að sigla út úr þeim kreppum sem yfir ganga með því að ganga á auðlindir náttúrunnar, þeim mun öruggar og dýpra er siglt inn í nýjar kreppur. Þess vegna verðum við að læra að líta á kreppu (í hagfræðilegum skilningi) sem eðlilegt ástand og búa svo um hnútana að slík kreppa skerði ekki lífsgæði fólks. Til lengri tíma litið verðum við raunar að gera sjálfbæra þróun að ófrávíkjanlegri forsendu sjálfs hagkerfisins. Þetta þýðir ekki endilega samdrátt, en þetta kallar á nýjan og gjörbreyttan hugsunarhátt.

Minni hagsæld þarf ekki að fela í sér minni neyslu heimila eða minni lífsgæði einstaklinga. Heimili geta sótt vörur og þjónustu ýmist til fyrirtækja, þ.e. hagkerfisins, eða beint til náttúrunnar. Sú þjónusta sem heimili sækja beint til náttúrunnar – t.d. með því að fara út á björtu kvöldi og fylgjast með norðurljósunum í staðinn fyrir að fara í bíó – veldur engri hreyfingu í hagkerfinu. Þetta er samt neysla, og það eru mikil lífsgæði að eiga kost á svona neyslu. Sem peyi fór ég oft með veiðistöng upp á fjall fyrir ofan Kirkjubæjarklaustur að Systravatni. Stundum veiddi ég eitthvað, stundum ekki. Þessi afþreying mín var nánast ósýnileg frá sjónarhóli hagkerfisins. Að vísu hafði ég keypt veiðistöng og hjól og nokkra spúna. En þessar græjur notaði ég aftur og aftur. Hefði ég ekki gengið á fjallið heldur kosið að fara í sjoppuna og kaupa mér nammi og hafa ofan af fyrir mér við að maula það, þá hefði ég lagt meira til hagkerfisins. Þá hefði í lífsfyllingu minni legið örlítið brot af hagvexti Íslands. Í staðinn gekk ég á fjallið, út úr hagkerfinu og bjástraði þar kannski hálfan dag án þess að leggja nein lóð á vogarskálar hagvaxtarins.

Ef fólk sækir vöru og þjónustu beint til náttúrunnar, t.d. með því að horfa á norðurljósinn í stað þess að fara í bíó, eða tynir villta sveppi í stað þess að kaupa ræktaða, þá er eftirspurn heimilanna eftir vöru og þjónustu svarað án þess að það valdi hreyfingu í hagkerfinu. Þetta sýnir okkur að framleiðsla í hagkerfi – og þar með hagvöxtur – getur dregist saman án þess að neysla eða lífsgæði heimilanna minnki. Vistvæn ferðaþjónusta byggist einmitt á þeirri hugsun að fólk geti sótt vörur og þjónustu beint til náttúrunnar. Orðað svona hljómar þetta reyndar eins og mótsögn, því sá sem notfærir sér ferðaþjónustu,

⁸ Ég fjalla um samspil hagkerfis og náttúru og ólík gildi í *Náttúra, vald og verðmæti*, einkum 4. kafla, „Verðmæti og mælikvarðar“.

hvort sem hún er vistvæn eða ekki, sækir þjónustu til hagkerfisins en ekki beint til náttúrunnar. Á hinn bóginn er hlutverk vistvænnar ferðaþjónustu ekki að umskapa náttúruleg gæði og selja þau til viðskiptavinar heldur miklu frekar að vera miðlari náttúrulegra gæða, eins og þau verða til og birtast í náttúrunni. Þessi hugsun kristallast í hugmyndinni um þjóðgarð, að því marki sem sú hugmynd hefur þjónustu við fólk að markmiði því þjónustumarkmið þjóðgarðs felst ekki í að umskapa náttúruleg gæði heldur í að miðla náttúrulegum gæðum. Af þessum sökum getur – og hlýtur raunar – verndarhlutverk þjóðgarðs og þjónustuhlutverk hans að fara saman. Þjónustan liggur í því að miðla því sem er verndað, þ.e. að miðla náttúrunni til fólks eins og hún kemur fyrir.

Um vistvænan landbúnað gegnir talsvert öðru máli þar sem landbúnaður hefur að markmiði að umskapa náttúruleg gæði. Því vaknar eðlilega spurning um hvað einkunnin ‘vistvænn’ felur í sér í slíku tilviki. Augljóslega ekki að náttúrulegum gæðum sé einfaldlega miðlað til fólks. Kjarninn í hugmyndinni um vistvænan landbúnað er að þeim gæðum sem verða til – allt frá ræktun túna að kjöt- og mjólkurvinnslu – sé skilað til neytenda í sátt og samræmi við gangverk náttúrunnar í stóru og smáu, í bráð og lengd. Þetta kallar á að verklag og framleiðsla séu löguð að gangverki náttúrunnar frekar en að gangverk náttúrunnar sé brotið undir verklag og framleiðslu sem tekur mið af öðrum sjónarmiðum, t.d. sjónarmiðum hlutabréfamarkaða og arðsemiskrafna á markaði.

Við lifum ekki einasta á tímum þar sem náttúran hefur að verulegu leyti vikið fyrir manngerðu umhverfi heldur lifum við líka á tímum náttúrupínings þar sem stöðugt er reynt á þolmörk náttúrunnar.⁹ Á slíkum tímum er spurningin *Hvernig getum við lifað vel í sátt við náttúruna?* ekki bara forvitnileg spurning fyrir fræðimenn, hún er knýjandi fyrir alla og ætti að vera ófrávikjanleg fyrir stjórnáamenn. Spurningar um friðun og verndun eru ekki um munað heldur um lífsnauðsynjar. Þegar upp er staðið snýst náttúruvernd ekki um að vernda náttúru sem eitthvað sem hrærist fyrir utan okkur heldur um að vernda líf okkar sjálfra að því leyti sem það er samofið náttúrunni. Og sé hugað að samspili náttúru og hagkerfis, þá kemur í ljós að líf okkar er samofið náttúrunni í stóru og smáu.

Rétt eins og spurningar um friðun og verndun eru ekki spurningar um munað heldur lífsnauðsynjar er krafan um sjálfbæra þróun ekki krafa sem við höfum val um að gera til okkar sjálfra, eða krafa sem við einskorðum við friðlönd og önnur afmörkuð svæði. Þetta er krafa sem við verðum að gera til okkar sjálfra í öllum okkar samskiptum við náttúruna.

⁹ Umbreyting náttúru í manngert umhverfi er viðfangsefni Páls Skúlasonar í bókinni *Umbverfing*. Ég fjalla einnig nánar um þetta efni í bókinni *Náttúra, vald og verðmati*, kafla 3, „Staður, náttúra, umhverfi“.

5. Frá hagsæld til farsældar

Sú kreppa sem Ísland er nú í hefur þær afleiðingar að hagsæld fólks minnkar. Sem viðbragð við þessu megum við ekki leggja ofurkapp á að hjól atvinnulífsins taki að snúast á ný af sama hraða og áður, vegna þess að sú leið er leið arðráns gagnvart náttúrunni og þar með vísasti vegurinn inn í nýjar og dýpri kreppur í framtíðinni. Við verðum að spyrja okkur hvað séu raunveruleg lífsgæði, bæði á vettvangi einkalífsins og á vettvangi samfélagsins. Þetta þýðir að við sem einstaklingar verðum að taka gildismat okkar til rannsókna – spyrja okkur hvað það er sem gerir líf okkar þess vert að lifa því. Á vettvangi samfélagsins verðum við að spyrja um þau kjör sem fólki eru búin til að leita þeirra gæða sem það telur að geri því fært að lifa lífinu sómasamlega. Við þessum spurningum verðum við svo að leita svara innan þeirra marka sem krafan um sjálfbæra þróun setur okkur – bæði á sviði efnahags, náttúru og samfélags – vegna þess að sú krafa er *lágmarkskerfa* um réttlæti til handa komandi kynslóðum. Í stað þess að leggja ofurkapp á aukna hagsæld, eigum við að stefna að *farsæld*, bæði einstaklinga og samfélagsins sjálfs.

Ritaskrá

Brynhildur Davíðsdóttir, „The price is right?“, *Art, Ethics and Environment: A Free Inquiry into the Vulgarly Received Notion of Nature*, Æsa Sigurjónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson ritsj., Cambridge Scholars Press, Newcastle, 2006.

Jón Steingrímsson, „Eldritið“, *Ævisagan og önnur rit*, Kristján Albertsson gaf út, Helgafell, Reykjavík, 1973.

Ólafur Páll Jónsson, *Náttúra, vald og verðmæti*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2007.

Páll Skúlason, *Umhverfing*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1998.

von Wright, Georg Henrik, *Framfaragoðsögnin*, Þorleifur Hauksson þýddi, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2003.